

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Alþingi
Erindi nr. P 135/481
komudagur 20.11.2007

Menntamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til menntamálanefndar, dags. 10. október 2007.

Á fund nefndarinnar komu Gísli Þór Magnússon, Auður Björg Árnadóttir og Jenny Bára Jensdóttir frá menntamálaráðuneyti, Kristín Ingólfssdóttir og Jón Atli Benediktsson frá Háskóla Íslands og Baldur Gíslason, Bryndís Sigurjónsdóttir og Kristinn Þorsteinsson frá Félagi íslenskra framhaldsskóla.

Heildargjöld menntamálaráðuneytisins árið 2008 eru áætluð um 55.450 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 4.492 millj. kr. en þær nema 8,1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 50.985 millj. kr. og af þeirri fjárhæð eru 47.150 millj. kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 3.808 millj. kr. innheimtar af ríkistekjum. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 32.768 kr. millj. kr. og hækka um 3.338 millj. kr. í fjárlögum þessa árs.

Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að aukin fjárveiting fari til Listasafns Íslands svo að safnið geti fjölgað starfsfólki, eftir rannsóknarstarf og fundið viðunandi lausn á húsnæðis- og geymslumálum safnsins. Listasafn Íslands er þjóðlistasafn og eitt af höfuðsöfnum landsins og telur meiri hlutinn mikilvægt að safnið fái aukna fjárveitingu svo það geti gegnt þeim skyldum sem lagðar eru á það í safnalögum og lögum um Listasafn Íslands.

Á fundi nefndarinnar með fulltrúum frá Háskóla Íslands kom fram að fjárframlög til skólans væru hlutfallslega lægri en til annarra háskóla, að frádregnu 640 millj. kr. fjárframlagi til skólans vegna samnings milli hans og menntamálaráðuneytisins. Þá kom fram á fundi nefndarinnar með fulltrúum frá Félagi framhaldsskóla að fjárlagafrumvarpið 2008 fæli í raun í sér niðurskurð á fjárveitingum til framhaldsskólanna. Meiri hluti nefndarinnar telur mikilvægt að reiknilíkan framhaldsskólanna endurspegli raunverulega fjárþörf þeirra. Meiri hlutinn vekur athygli fjárlaganefndar á starfi starfshóps sem settur var á laggirnar í því skyni að endurskoða reiknilíkan framhaldsskólanna en niðurstaða starfshópsins mun taka mið af nýjum lögum um framhaldsskóla. Hyggst menntamálaráðherra leggja fram frumvarp þess efnis á þessu haustþingi. Meiri hlutinn beinir því til fjárlaganefndar að taka málefni háskólanna og framhaldsskólanna til sérstakrar skoðunar.

Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að fyrirkomulag við úthlutun fjárveitinga af safnliðum verði tekið til gagn Gerrar endurskoðunar. Meiri hlutinn hefur þegar komið þeirri skoðun sinni á framfæri við fjárlaganefnd og leggur áherslu á að farið verði í slíka endurskoðun fyrir fjárlagagerðina 2009. Meiri hlutinn áréttar, eins og fram hefur komið í fyrri álitum hans til fjárlaganefndar, að úthlutun fjárveitinga til einstakra verkefna á sviði lista og menningar sem og á sviði íþrótta- og æskulýðsmála eigi að vera í höndum sjóða sem komið hefur verið á í þeim tilgangi. Meiri hlutinn telur að þegar svo háttar til verði úthlutun fjármuna byggð á faglegri forsendum en núverandi fyrirkomulag. Þá vekur

meiri hlutinn athygli á menningarsamningum sem gerðir hafa verið við sveitarfélög en margar þær umsóknir sem nefndinni hafa borist ættu að mati meiri hlutans að falla undir slíka samninga.

Nefndinni hafa borist 136 umsóknir um fjárveitingar af safnliðum og komu 49 umsækjendur á fund nefndarinnar. Meiri hlutinn leggur til að 98 umsækjendur fái styrk. Hvað varðar safnlið 02-999-190, Ýmis framlög, þá vísar meiri hlutinn umsókn SPES, alþjóðlegrar barnahjálpar aftur til fjárlaganefndar enda telur meiri hlutinn að efni hennar falli ekki undir málefnasvið nefndarinnar og heyri fremur undir utanríkisráðuneytið. Einnig vísar meiri hlutinn umsókn Hvítasunnukirkjunnar í Reykjavík aftur til fjárlaganefndar þar sem um fjárfrekt verkefni er að ræða. Þá vísar meiri hlutinn umsóknum Heimilis og skóla aftur til fjárlaganefndar. Í tengslum við safnlið 02-983-111, Styrkir til útgáfumála, vísar meiri hlutinn umsókn ORG-ættfræðipjónustu ehf. aftur til fjárlaganefndar enda um kostnaðarsamt verkefni að ræða.

Í tengslum við umsókn Þórbergsseturs beinir meiri hlutinn því til menntamálaráðherra að gerður verði samstarfssamningur við setrið með sama hætti og menntamálaráðherra hefur gert við Gunnarsstofnun. Að sama skapi telur meiri hlutinn í tengslum við umsókn Leikminjasafns Íslands að mikilvægt sé að gerður verði samningur við stjórn safnsins um framtíðaruppbyggingu þess.

Meiri hlutinn leggur til að 1,5 millj. kr. verði fluttar af safnlið 02-982-190, Listir, yfir á safnlið 02-984-190, Norræn samvinna, og að 11,5 millj. verði fluttar af safnlið 02-982-190, Listir, yfir á safnlið 02-919-190, Söfn. Meiri hlutinn leggur einnig til að 13,8 millj. kr. verði fluttar af safnlið 02-989-190, Ýmis íþróttamál, yfir á safnlið 02-983-111, Styrkir til útgáfumála, og að 4,2 millj. verði færðar af safnlið 02-989-190, Ýmis íþróttamál, yfir á safnlið 02-999-190, Ýmis framlög. Tillögur meiri hlutans um skiptingu safnliða koma fram á sérstöku fylgiskjali.

Guðbjartur Hannesson skrifar undir álitid með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Minni hluti nefndarinnar tekur undir umsögn meiri hlutans um einstök atriði en hefur fyrirvara við heildarafgreiðslu málsins sem fram kemur í minnihlutaálit.

Illugi Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. nóv. 2007

Sigurður Kári Kristjánsson, form.

Einar Már Sigurðarson,

Guðbjartur Hannesson, með fyrirvara,

Katrín Júlíusdóttir,

Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Söfn (02-919-190)

	Tillaga 2008 m.kr.
Umsækjandi/verkefni	
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	0
Iðnaðarsafnið á Akureyri (útsýning og ljósmyndun)	2
Minjasafnið í Gröf í Hrunamannahreppi	1
Kvennasögusafn Íslands (rekstur)	2
Flugsafn Íslands (rekstur)	0
Minjasafn Egils Ólafssonar (rekstur)	2,5
Minjasafn Egils Ólafssonar (tölvuskráning)	1
Leikminjasafn Íslands (rekstur og starfsemi)	9
Safnasafnið (rekstur)	2
Listasafn Árnesinga	0
Harmonikufélag Vestfjarða	0
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	0
Selasetur Íslands	5
Húnaþing vestra (Selasetur Íslands)	0
Eyrbyggja (sögumiðstöð í Grundarfirði)	3
Fjallabyggð (Náttúrufræðisetur)	0
Strandmenning (atvinnuþróunarverkefni, NORCE)	5
Menningarfélagið Hraun (Jónasarsetur)	1,5
Vopnafjarðarhreppur (setur í Kaupvangi)	2
Samtals	36,0
Óskipt	0,0
Samtals til ráðstöfunar	24,5
Flutt af fjárlagalið 02-982-190 (listir)	11,5
Samtals	36,0

Beiðni m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Athugasemdir
2		
4	1,5	
3	1	
2	2	
5		
3,3	2	
2,5		
22	5	
2	4	
3		
0,4	0,4	
2,5	1,8	
10	5	
10		
5	5	
10	1	
9	5	
4		
8		